

Þriðjudaginn 25. október 1983.

Nr. 222/1981. **Ragnar Guðmundsson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Ruth Einarsdóttur**

(enginn)

**Birgi Harðarsyni og**

**Kristínu Kristjánsdóttur**

(Kristinn Einarsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 73/1975 hinn 5. s. m. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar stefndu Ruth Einarsdóttur. Gagnvart stefndu Birgi Einarssyni og Kristínu Kristjánsdóttur gerir hann þær dómkröfur, að viðurkenndur verði veðréttur hans í hæð og rishæð hússins Miðstrætis 3 í Reykjavík ásamt  $\frac{2}{3}$  hlutum eignarlóðarluta „í samræmi við tvö veðtryggingarbréf,“ útgefin 5. nóvember 1976 af stefndu Ruth til tryggingar víxlum þeim, er málssóknin taki til. Áfrýjandi krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi allra stefndu.

Stefnda Ruth Einarsdóttir hefur ekki sótt dómþing fyrir Hæstarétti og engar dómkröfur gert.

Stefndu Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur er á því reistur, að um málssókn áfrýjanda gagnvart stefndu Ruth ætti að fara eftir hinum sérstöku réttarfarsreglum VXII. kafla laga nr. 85/1936, en gagnvart öðrum stefndu eftir hinum almennu reglum laganna.

Telja verður, að fleiri menn verði því aðeins sóttir saman í máli, að sömu málsmeðferð eigi að beita um kröfur sækjanda á hendur þeim öllum. Verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi fallið frá

því, svo sem hann bjó mál sitt úr garði og rak það fyrir dómstólum, að sækja kröfur sínar á hendur stefndu Ruth eftir sérreglum áður-nefnds XVII. kafla. Mátti hún því koma að öllum þeim vörnum, sem hafa má uppi í einkamálum almennt. Bar héraðsdómara því, er hún sótti ekki þing, að hrinda kröfum áfrýjanda á hendur henni, ef þær samrýmdust ekki framkomnum sóknargögnum svo og því, sem annars var komið fram í málinu, þar á meðal því, sem fært var fram af hendi þeirra verjenda, er þing sóttu. Nú dæmdi héraðsdómari um kröfur áfrýjanda á hendur stefndu Ruth á þeim grundvelli, að beita bæri réttarfarsákvæðum XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, en eigi hinum almennu reglum, svo sem rétt hefði verið, eins og fyrr var sagt. Verður af þessum sökum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi í dag, hefur Ragnar Guðmundsson, Kaplaskjólsvogi 89, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn þeim Ruth Einarsdóttur, Sóleyjargötu 19, Reykjavík, áður til heimilis að Miðstræti 3, Reykjavík, Birgi Harðarsyni, Miðstræti 3, Reykjavík, og Kristínu Kristjánsdóttur, Þoristúni 19, Selfossi. Stefna í máli þessu var upphaflega birt þriðjudaginn 8. maí 1979, en framhaldsstefna var birt föstudaginn 27. febrúar 1981.

Endanleg dómkrafa stefnanda á hendur stefndu Ruth Einarsdóttur var sú, að hún yrði dæmd til þess að greiða víxilskuld, samtals að fjárhæð kr. 10.000.00 ásamt 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 2.500.00 frá 20. desember 1976 til 20. janúar 1977, frá þeim degi af kr. 5.000.00 til 20. febrúar 1977, en frá þeim degi af kr. 7.500.00 til 20. mars 1977, en frá þeim degi af kr. 10.000.00 til 1. ágúst 1977, en frá þeim degi 3% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. júní 1979, en frá þeim degi 4% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. september 1979, en

frá þeim degi 4.5% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. júní 1980, en 4.75% dráttarvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 24.00 í stimpilgjald.

Gagnvart stefndu Birgi og Kristínu er dómkrafa stefnanda sú, að þau verði in solidum dæmd til þess að þola staðfrestingu á veðrétti í hæð og rishæð Miðstrætis 3, Reykjavík, fyrir dómkröfum í máli þessu í samræmi við tvö veðtryggingarbréf, sem út voru gefin af stefndu Ruth til tryggingar framangreindri víxilskuld, en stefndu Birgir og Kristín eru nú þinglesnir eigendur hinnar veðsettu eignar. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar sér til handa.

Af hálfu stefndu Ruthar hefur ekki verið sótt þing í máli þessu og lögvarnir því ekki komið fram af hennar hálfu. Stefndu Birgir og Kristín hafa hins vegar látið sækja þing í málinu, og krefjast þau sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Reyndar hafa verið sættir með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur.

## II.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á hendur stefndu Ruth á fjórum víxlum, sem hver er að fjárhæð kr. 250.000 (gkr.), eða samtals gkr. 1.000.000. Víxlarnir séu allir út gefnir af stefnanda og framseldir af honum, en samþykktir af stefndu Ruth til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Gjald dagar víxlanna hafi verið: 20. desember 1976, 20. janúar 1977, 20. febrúar 1977 og 20. mars 1977.

Kröfur sínar á hendur stefndu Birgi og Kristínu reisir stefnandi á tveimur veðtryggingarbréfum, útgefnum 5. nóvember 1976 af stefndu Ruth. Með bréfum þessum hafi greiðsla ofangreindra víxla verið tryggð með 9. veðrétti og uppfærslurétti í hæð og rishæð Miðstrætis 3 í Reykjavík ásamt hlutdeild í lóðarréttindum, en fasteignin hafi á þeim tíma, er bréfin voru gefin út, verið í eigu stefndu Ruthar. Fyrstu tveir víxlarnir hafi verið tryggðir á sama bréfinu og seinni tveir samhliða á öðru bréfi. Tryggingarbréf þessi hafi átt að tryggja greiðslu víxlanna fjögurra ásamt vöxtum og öllum kostnaði. Bréfin hafi verið þinglesin athugasemdalaust hinn 12. nóvember 1976. Stefndu Birgir og Kristín hafi hinn 6. nóvember 1977 keypt eignarhluta stefndu Ruthar í Miðstræti 3, Reykjavík, og því sé kröfunni um staðfestingu veðréttarins beint að þeim sem núverandi þinglesnum eigendum.

Nánari tildrög máls þessa eru þau, að með kaupsamningi og afsali, dagsettu 6. nóvember 1977, festu stefndu Birgir og Kristín sameiginlega kaup á eignarhluta stefndu Ruthar í Miðstræti 3 í Reykjavík, eins og áður er getið. Hluta kaupverðs greiddu Birgir og Kristín með því að yfirtaka áhvilandi veðskuldir á 1., 2., 5. og 7. veðrétti samkvæmt veðbókarvottorði, sem frammi lá við kaupin og nánar er lýst í kaupsamningnum (afsalinu). Í kaup-

samningnum (afsalinu) var síðan ákvæði þess efnis að „öll önnur fjárnám og aðrar veðskuldir á hinni seldu eign samkvæmt veðbókarvottorði í dag eru kaupanda óviðkomandi, og skuldbindur seljandi sig til að aflýsa þeim af eigninni.“

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem til staðar var við kaupin 6. nóvember 1977, hvíldu á 9. veðrétti eignarinnar tvö tryggingarbréf, og var hvort þeirra um sig að fjárhæð kr. 500.000. Þau munu hafa verið gefin út 5. nóvember 1976 af stefndu Ruth Einarsdóttur, og var eigandi bréfa þessara stefnandi í máli þessu, en þetta munu vera hin svokölluðu „veðtryggingarbréf“ á dómskj. nr. 7 og nr. 8 í máli þessu. Einnig hafði þá verið þinglýst á 10. veðrétt fjárnámi á eignina að fjárhæð kr. 1.662.453 auk vaxta og kostnaðar. Var Ragnar Guðmundsson einnig eigandi þeirrar kröfu. Fjárnámskrafan var þannig til komin að stefnandi höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Dagmar S. Gunnarsdóttur og Einari Óskarssyni til greiðslu skuldar samkv. 7. vixlum, samtals að fjárhæð kr. 1.662.453. Með dómi bæjarþingsins 7. febrúar 1977 í málinu nr. 5114/1977 voru áðurgreind Dagmar og Einar dæmd til greiðslu hinna sjö víxla ásamt vöxtum og kostnaði. Einar þessi Óskarsson mun sonur stefndu Ruthar. Í þinghaldi í fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. mars 1977 í málinu nr. A 625/1977: Ragnar Guðmundsson gegn Dagmar S. Gunnarsdóttur og Einari Óskarssyni mætti gerðarþoli Einar Óskarsson og með honum móðir hans, stefnda Ruth. Í þinghaldi þessu bentu Ruth á eignarhluta sinn í Miðstræti 3, Reykjavík, til fjárnáms, og var því að hennar ábendingu lýst yfir fjárnámi í eigninni. Fjárnámskrafan mun síðan hafa verið greidd að fullu 28. september 1978 og fjárnáminu aflýst, sbr. dskj. nr. 14.

Stefndu Birgir og Kristín halda því fram, að þá er kaup gerðust um Miðstræti 3, hafi þeim verið tjáð af þáverandi eiganda fasteignarinnar og fasteignasalanum, sem milligöngu hafði um kaupin, að tryggingarbréfin, sem við kaupin hvíldu á 9. veðrétti fasteignarinnar, hafi verið gefin út til frekari tryggingar víxilskuldum þeim, sem fjárnámsgerðin væri byggð á, þ. e. a. s. að baki tryggingarbréfunum á 9. veðrétti og hinu þinglýsta fjárnámi á 10. veðrétti hafi verið ein og sama krafan. Því hafi þau átt von á og beinlínis verið lofað, að tryggingarbréfunum yrði aflýst af 9. veðrétti um leið og fjárnáminu. Sú hafi ekki orðið raunin á, heldur sé stefnandi að tviinnheimta sömu kröfuna. Þessu til stuðnings benda stefndu Birgir og Kristín á yfirlýsingu Einars Óskarssonar á dómskjali nr. 12, en yfirlýsing þessi er gefin í Tulsa í Bandaríkjunum 1. apríl 1979. Í yfirlýsingu Einars segir, að „skuldabréf útgefið 5/11 1976 er til frekari tryggingar 7 öðrum víxlum vistaðir í Búnaðarbanka Íslands með gjalddaga 15/9 — 12/10 1976 samtals kr. 1.662.452.“

Benedikt Björnsson, fyrrverandi fasteignasali, kom fyrir dóm í málinu hinn 17. desember 1979, en Benedikt mun sem fasteignasali hafa annast um sölu á Miðstræti 3 í umrætt sinn til stefndu Birgis og Kristínar. Hann skýrði svo frá, að er hann hafi fengið fasteignina til sölu, hafi hún verið til meðferðar í uppboðsrétti. Því hafi það komið í sinn hlut að ræða við alla þá, sem kröfu hafi átt í eignina. Ljóst hafi verið, að söluverð eignarinnar mundi ekki hrökkva fyrir áhvilandi skuldum. Benedikt skýrði svo frá, að seljendur Miðstrætis 3 hefðu tjáð sér, að áhvilandi skuldir á 9. og 10. veðrétti væru ein og sama skuldin. Sér hafi hins vegar verið ljóst, að samkv. veðbókavottorði væri hægt að líta á þetta sem tvær kröfur. Kvaðst Benedikt því hafa talið sér skylt að kanna þetta atriði nánar, gagngert í því skyni að komast mætti hjá því, að kaupendur greiddu meira en þeim bæri samkvæmt kaupsamningi. Því kvaðst Benedikt hafa boðað Ragnar Guðmundsson, stefnanda málsins, á sinn fund. Segir Benedikt, að Ragnar hafi komið á sinn fund einum til tveimur dögum áður en afsalið á dóm skjali nr. 20 var gefið út. Á þessum fundi hafi Ragnar tjáð sér, að áhvilandi skuldir á 9. og 10. veðrétti væru ein og sama skuldin. Ragnar hefði hins vegar neitað að afhenda sér víxlana og tryggingarbréfin, en sagt, að skjöl þessi yrðu afhent, þegar lokagreiðsla fjárnámsskuldarinnar á 10. veðrétti yrði innt af hendi. Skjöl þessi yrðu hjá Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, þangað til Ragnar hefði skýrt sér frá því, að ástæða þess, að hann vildi ekki afhenda hin umræddu skjöl, væru sú, að hann vildi nota þau, þ. e. skjölin, til þess að ná inn annarri kröfu, sem væri óveðtryggð. Að því er varðaði vitneskju vitnisins um upphaf skuldarinnar á 9. veðrétti þá skýrði Benedikt svo frá, að seljendur Miðstrætis 3 hefðu tjáð sér, að stefnandi, Ragnar Guðmundsson, hefði tekið að sér að leysa út vörur fyrir verslunina Traffic, en þá verslun rak Einar Óskarsson, sonur stefndu Ruthar. Sem tryggingu hefði Ragnar Guðmundsson fengið víxla fyrir þeirri fjárhæð, sem hann hefði varið í því skyni að leysa út vörunar, og þá víxla hefði hann selt í Búnaðarbankanum. Vixlar þessir hafi síðan gjaldfallið án greiðslu og hafi Ragnar þá orðið að leysa víxlana til sín að kröfu Búnaðarbankans. Er málum hafi verið svo komið, hafi verið brugðið á það ráð að búa til nýja víxla að fjárhæð kr. 1.000.000.

Einar Óskarsson kom fyrir dóminn sem vitni hinn 17. desember 1979. Hann staðfesti, að yfirlýsingin á dóm skjali nr. 12 væri frá sér stafandi og jafnframt það, að tryggingarbréfin á dóm skjölum nr. 7 og 8 væru skulda-bréf þau, sem hann vitni til í yfirlýsingu sinni. Þá kannaðist hann einnig við að hafa látið Ragnar Guðmundsson hafa víxlana á dóm skjölum nr. 3 — 6. Tildrög þess, að hann hefði afhent Ragnari umrædda víxla, kvað hann hafa verið þau, að einum til tveimur dögum áður en tryggingarbréfin á dóm skj. nr. 7 og 8 hefðu verið gefin út, hefði Rangar Guðmundsson

komið til sín í verslunina Traffic í Bankastræti ásamt Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni og Ólafi Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, þeirra erinda að framkvæma „löghald“ á grundvelli dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 7. febrúar 1977 í málinu: Ragnar Guðmundsson gegn Einari Óskarsyni og Dagmar S. Gunnarsdóttur, sbr. dómskjal nr. 13. Við löghaldið hefði Ragnar gert kröfu um greiðslu á kr. 1.000.000, þar sem hann hafi þurft að greiða þá fjárhæð með því að leysa til sín vixla, sem Einar væri aðal-skuldari að. Ragnar hafi haft með sér kassa, sem hann hafi ætlað að setja þær vörur í, sem „löghald“ yrði gert í. Til þess hafi þó ekki komið, þar sem samkomulag hafi orðið um að gefa út skuldabréf fyrir skuldinni. Sátt hafi verið gerð um þetta á skrifstofu Ólafs Sigurgeirssonar fulltrúa samdægurs, en sú sátt hafi ekki verið bókuð að því er sig minni. Valgarður Sigurðsson lögfræðingur hafi síðan verið fenginn til þess að útbúa skuldabréfin. Þá kvað hann það alrangt, að stefnandi hefði lánað sér peninga. Einu viðskipti þeirra stæðu í sambandi við vörur, sem stefnandi hefði leyst úr tolli fyrir sig.

Ragnar Guðmundsson, stefnandi máls þessa, kom fyrir dóminn 17. desember 1979. Hann skýrði svo frá, að það væri rangt, að skuld sú, sem stefnt væri til greiðslu á í þessu máli, væri sama skuld og dómur hefði gengið fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 7. febrúar 1977. Hann kvaðst hafa lánað Einari Óskarsyni fé, þar sem Einar hefði verið í fjárhagsvand-ræðum, m. a. vegna yfirvofandi lokunar vegna vangaldins söluskatts. Kvaðst hann hafa lánað Einari í þessu skyni stefnufjárhæð máls þessa. Einar og hann hefðu jafnan átt með sér mikil viðskipti og að Einar hefði alltaf staðið í skilum, allt þar til greiðsla á fyrsta vixlinum, sem til innheimtu hefði verið í Búnaðarbankanum, hefði „klikkað.“ Hann kannaðist ekki við að hafa farið með Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni þeirra erinda að framkvæma löghald til tryggingar greiðslu víxlanna, sem vistaðir hefðu verið í Búnaðarbankanum, en sagðist þess í stað hafa farið með Sigurði Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni til þess að gera fjárnám í vörum verslunarinnar Traffic á grundvelli dóms bæjarþingsins frá 7. febrúar 1977. Fjárnámssgerðinni hefði verið frestað, þar til síðar um daginn, en þá tekin fyrir á skrifstou bæjarfógeta, eins og endurrit fyrirtektarinnar á dómskjali nr. 14 bæri með sér. Hann kvaðst ekki hafa farið áður í verslun þessa sömu erinda. Þá kvaðst hann aðspurður hafa talið báðar skuldirnar, þ. e. annars vegar skuld þá, sem um væri deilt í máli þessu, og svo skuldina, sem dómur hefði gengið um 7. febrúar 1977, fram til skatts árið 1977, 1978 og 1979 Ragnar neitaði því alfarið, að hann hafi nokkurn tímann farið á skrifstofu Benedikts Björnssonar fasteignasala til þess að ræða við hann um marg-nefndar tvær skuldir, og kvaðst aldrei á skrifstofu þessa hafa komið. Hins

vegar kvaðst hann kannast við að hafa rætt við Benedikt í síma og að í símtali þessu hefði Benedikt verið að kanna möguleikana á því, að Ragnar fengi skuldabréf fyrir kröfum sínum.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á hendur stefndu Ruth á hinum framlögðu vixlum á dómskjöllum nr. 3 — 6. Hann kveður vixla þessa fullnægja formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933 og heimild sína að þeim löglega. Stefnda Ruth hafi ekki sótt þing í málinu og lögvarnir ekki komið fram af hennar hálfu. Þar sem engar víxilvarnir hafi komið fram í málinu, beri á grundvelli 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 að taka kröfur sínar á hendur stefndu Ruth til greina að fullu.

Að því er varði kröfur sínar um staðfestingu veðréttar í Miðstræti 3 fyrir stefnukröfum þá sé ljóst og óumdeilanlegt, að tryggingarbréfin tvö, útgefin af stefndu Ruth hinn 5. nóvember 1976, hafi verið sett til tryggingar hinum umstefndu vixlum. Veðréttur hafi stofnast og öldungis sé ósönnuð sú staðhæfing stefndu Birgis og Kristinar, að fjárkrafan að baki vixlunum sé greidd. Vixlarnir séu ógreiddir, eins og handhöfn þeirra beri með sér, og því séu ekki efni til annars en að taka staðfestingarkröfuna jafnframt til greina.

Stefnu Birgir og Kristín styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að er kaup hafi farið fram um Miðstræti 3 hinn 6. nóvember 1977, hafi seljandi eignarinnar skýrt þeim svo frá, að áhvilandi skuldir á 9. og 10. veðrétti eignarinnar væru ein og sama skuldin og jafnframt að þegar fjárnámskrafa á 10. veðrétti yrði að fullu greidd, yrðu vixlarnir og tryggingarbréfin, sem hvíldu á 9. veðrétti, afhent. Fasteignasali sá, er með sölu hefði haft að gera, hefði einnig tjáð þeim það sama og borið það fyrir dómi, að stefnandi sjálfur hefði staðfest þetta við sig. Þá hafi Einar Óskarsson, sem til hinna umræddu skulda hafi stofnað við stefnanda, gefið yfirlýsingu þar að lútandi og staðfest þetta fyrir dómi. Jafnframt sé það komið fram í yfirheyrslum yfir stefnda hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að framtalsárin 1977 og 1978 taldi stefnandi skuldirnar á 9. og 10. veðrétti ekki fram sem tvær sjálfstæðar skuldir og enga skýringu á því gefið. Þegar þetta sé virt, megi fullljóst vera, að um eina og sömu skuldina hafi verið að ræða og að með greiðslu fjárnámskröfunnar hinn 28. september 1978 hafi stefnandi fengið fullar efndir kröfu sinnar þrátt fyrir áframhaldandi tilvist vixlanna og tryggingarbréfanna og handhafnar stefnanda á skjöllum þessum. Þar sem stefnandi hafi fengið fjárkröfu sína efnda, séu veðréttir þeir, er kröfuna tryggðu, fallnir niður. Því beri að sýkna þau af kröfum stefnanda.

*Álit dómsins.*

Stefnda Ruth hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er henni þó löglega stefnt. Lögvarnir hafa því eigi komið fram af hennar hálfu. Verður þá með vísan til 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta að því er hana varðar eftir framkomnum skjölum og skilríkjum.

Kröfur sínar á hendur stefndu Ruth reisir stefnandi á fjórum víxlum, sem hann hefur lagt fram í málinu með formlega löglegri heimild sér til handa. Stefnda Ruth er samþykkjandi téðra víxla. Vixlar þessir fullnægja í hvívetna formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933. Stefnandi á því víxilrétt á hendur stefndu Ruth, og ber því af þeirri ástæðu að taka víxilkröfu hans í víxilþætti máls þessa til greina. Eftir þessum málsúrslitum ber og að dæma stefndu Ruth til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.522.00.

Kröfu sína um staðfestingu veðréttar í Miðstræti 3 fyrir tildæmdum kröfum reisir stefnandi á tveimur tryggingarbréfum, sem hann hefur lagt fram í málinu. Ljóst má vera af efni tryggingarbréfa þessara, að þeim var ætlað að tryggja greiðslu hinna umstefndu víxla í máli þessu og að á grundvelli bréfanna stofnaðist í Miðstræti 3 veðréttur til handa eiganda víxlanna.

Varnir stefndu Birgis og Kristínar, núverandi eigenda hinnar veðsettu eignar, en að þeim beinir stefnandi staðfestingarkröfu sinni, lúta að því, að þá er kaup gerðust um Miðstræti 3 hinn 6. nóvember 1977, hafi þeim verið skýrt svo frá af seljanda eignarinnar, stefndu Ruth, að þá áhvílandi víxilskuld á 9. veðrétti og fjárnámskrafa á 10. veðrétti eignarinnar væru í raun ein og sama skuldin, þó svo að formlega mætti líta svo á, að um tvær óskyldar kröfur væri að ræða. Samkvæmt vætti Benedikts Björnssonar, löggilts fasteignasala, sem annaðist um sölu téðrar eignar til stefndu Birgis og Kristínar, skýrði seljandi eignarinnar, stefnda Ruth, honum frá á sama veg um greindar skuldir á 9. og 10. veðrétti eignarinnar. Þá bar Benedikt það einnig fyrir dómi, að stefnandi hefði í samtölum við sig staðfest það, að hér væri um eina og sömu skuldina að ræða, en þeirri staðhæfingu Benedikts hefur stefnandi eindregið mótmælt. Þá hefur Einar Óskarsson, sá er stefnandi viðurkennir, að til skuldar hafi stofnað við sig með þeim hætti, er að framan er rakið, borið fyrir dómi, að um eina og sömu skuld væri að ræða. Loks er það upplýst í málinu og ómótmælt af hálfu stefnanda, að stefnandi taldi áðurgreindar skuldir á 9. og 10. veðrétti ekki fram til skatts sem sjálfstæðar skuldir væru árin 1977 og 1978 og enga viðhlítandi skýringu gefið á því háttarlagi sínu. Þegar það er virt, sem hér er að framan rakið, þykir þrátt fyrir eindregin mótmæli stefnanda mega leggja til grundvallar við úrlausn þessa þáttar málsins þá staðhæfingu stefndu Birgis og Kristínar, að títtnefndar skuldir á 9. og 10. veðrétti fasteignarinnar við Mið-

stræti 3 í Reykjavík hafi í raun verið ein og sama skuldin og að með greiðslu fjárnámskröfunnar hinn 28. september 1978 hafi stefnandi fengið fullnaðar-efndir fjárkröfu sínar.

Þar sem fram þykir komin í máli þessu sönnun þar að lútandi, að með greiðslu fjárnámskröfunnar hinn 28. september 1978 hafi stefnandi fengið greiðslu þeirrar kröfu, er greindir veðréttir áttu að tryggja, þykja ekki efni til þess að taka staðfestingarkröfu stefnanda til greina. Ber því að sýkna stefndu Birgi og Kristínu af kröfum stefnanda í máli þessu, enda þykja lyktir máls þessa að því er stefndu Ruth varðar eigi standa því í vegi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan. Meðferð málsins í heild hefur dregist vegna forfalla lögmanna svo og vegna þess, að tvívegis hefur verið skipt um dómara málsins.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, Ruth Einarsdóttir, greiði stefnanda, Ragnari Guðmunds-syni, kr. 10.000.00 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 2.500.00 frá 20. desember 1976 til 20. janúar 1977, frá þeim degi af kr. 5.000.00 til 20. febrúar 1977, frá þeim degi af kr. 7.500.00 til 20. mars 1977, en frá þeim degi af kr. 10.000.00 til 1. ágúst 1977, en frá þeim degi með 3% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. júní 1979, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. september 1979, en frá þeim degi með 4.5% dráttarvöxtum til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 24.00 í stimpilkostnað og kr. 3.522.00 í málskostnað — innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir skulu sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.